

Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda-ber í málflutningslaun fyrir yfirdómi 15 kr., er greiðist honum af almannaþje, og vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna, cand. jur. Hannesi Thorsteinson, greiðast í málsfærslulaun af almannaþje 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög- birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. ágústmánaðar.

Nr. 27/1893:

Rjettvísinn
gegn

Tómasi Tómassyni.

Ú r s k u r ð u r :

Áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta mál virðist nauðsyn til þera, að hjeradsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort hinn ákærði í rjettarhöldunum 4. febr. 1891 hafi mætt sem sakborningur eða vitni, eða hvort- tveggja.
2. Hve lengi hann hafi verið í gæzluvarðhaldi og hversvegna.
3. Hvort hann hafi í upphafi verið krafinn andsvara

- um fjöruferðir hans einslega eða fyrir rjetti, og hvar það hafi verið.
4. Hvort ákærði á jörð þá, sem hann býr á og fjör-
una (sem henni fylgir).
 5. Ber nákvæmlega að yfirheyra og fá skýrslu ákærða
um, hvað það sje, sem hann telur afbakað og ó-
satt í dómnum, sem birtur var honum 20. febr-
þ. á. — en því hefur hann lýst yfir í skjali, sem
lagt hefur verið fram í yfirdómi.
 6. Hvort ákærði hafi verið kallaður út að Þorvalds-
eyri 28. júlí 1892 til þess að verja sig, ef hann
vildi, en ekki haft kost á því, af því að dómariun
hafi talið sig ekki hafa tíma, og hvort það sje satt,
sem hann hefur fráskýrt í brjefi til amtsins 20.
apríl þ. á., sem lagt er fram fyrir yfirdómi, að
hann ekki seinna hafi átt kost á að verja sig, áð-
ur dómur var uppkveðinn.
 7. Svo ber hjeradsdómaranum að útvega aðrar sjer-
hverjar þær skýrslur og sannanir, sem hinar fram-
an heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeradsdómaranum ber að útvega skýrslur þær,
sem að framan umgetur, svo fljótt og svo nákvæm-
ar, sem verða má.